**Stjórnarfundur FEBSEL 31.10.2024 haldinn á Skólabraut 5 kl. 16.30.**

**Mættir:** Kristbjörg, Sigríður, Inga, Stefán, Helgi og Aðalbjörg.
Gestur fundarins Kristín Hannesdóttir forstöðumaður félagsstarfs eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi.

**Dagskrá:**

1. **Boð í félagsmiðstöð aldraða í Garðabæ.**
   Stjórn félagsins hefur verið boðið að heimsækja félagsmiðstöð aldraða í Garðabæ þann 11. nóvember n.k. Kristbjörg, Sigríður, Inga og Björn munu þyggja boðið.

2. **Almennur fræðslufundur félagsins.**
   Fundurinn verður haldinn 20. nóvember í salnum á bókasafninu kl. 17:00.
   Gestur fundarins er Óttar Guðmundsson læknir. Erindi hans kallast „Dansað við ellikerlingu“ Ákveðið að bjóða bara upp á kaffi á fundinum þar sem „Kótilettukvöldið“ verður haldið í framhaldi af fundinum og hefst það kl. 18:30.

3. **Málþing um starf Öldungaráða á vegum sveitafélaga, 17.10.2024**
   Fjölmennt málþing á vegum LEB og SÍS var haldið þann 17. október s.l. í nýjum aðalstöðvum LEB. Kristbjörg mætti á fundinn fyrir hönd Öldungaráðs Seltjarnarness. Þar var m.a. rætt um að auka þurfi virkni Öldungaráða og gera þau markvissari. Einnig kom fram sú hugmynd að breyta Öldrunarráði í nefnd t.a. stytta m.a. boðleiðir. Fundargerðin er ekki komin. Kristbjörg mun kynna hana þegar hún kemur.

4. **Fundur í Kraganum með kjaranefnd FEB**
   Kristbjörg og Inga sátu fund um kjaramál eldri borgara á vegum Félaga eldri borgara í Kraganum þann 29. okt. s.l. Fundurinn var haldinn í félagsaðstöðu Félags eldri borgara í Hafnarfirði.

5. **Vefsíða/heimasíða FebSel**
   Helgi er að vinna að gerð heimasíðu fyrir félagið. Stjórnin samþykkti lénið **febseltj.is** þar sem lénið febsel.is er upptekið. Umræða um hvað eigi að vera inni á síðunni.

6. **Önnur mál.**

- Auka þarf upplýsingastreymi til eldri borgara á Nesinu. Rætt um að taka saman stuttar greinagerðir um ákveðin mál er tengjast málefnum aldraða og kynna á vefsvæði félagsins.
- Umræða um stefnu í öldrunarmálum og framtíðarsýn í velferðarmálum á Seltjarnarnesi. Ákveðið að fá Önnu Sigrúnu Baldursdóttur skrifstofustjóra og leiðtoga öldrunarmála hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar á fyrsta fræðslufund félagsins eftir áramótin.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30.

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir ritari.